

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 24. maí 2022  
UST202205-027/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Kleifakot, Nesjar - Litla-Hestvík 1 og 2 – Grímsnes- og Grafningshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kleifakot, Nesjar - Litla-Hestvík 1 og 2 í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir þremur frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa ný sumarhús eða stækka þau sem fyrir eru. Auk þess er heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 m<sup>2</sup>, þ.e.a.s. ef að engir skúrar eða aukahús séu þar fyrir.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*